




ÁRSSKÝRSLA 2024

SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI



SAFNAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI




EFNISYFIRLIT

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

UM SKJALASAFNIÐ	3
STARFSEMI ÁRIÐ 2024	6
STARFSMENN	6
FYRIRSPURNIR OG AFGREIÐSLUR	6
AÐFÖNG	7
RÁÐGJÖF OG EFTIRLIT	7
FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSTARF	8
NÁMSKEIÐ OG FUNDIR	9
MIÐLUN	10
SKRÁNING SÓKNARMANNTALA	11
HÚSNÆÐI	12
GEYMSLUR	13

LJÓSMYNDASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

STARFSEMI ÁRIÐ 2024	14
STARFSMENN	14
FYRIRSPURNIR OG AFGREIÐSLUR	14
AÐFÖNG	15
MIÐLUN	15
FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSTARF	16



Héraðsskjalasafnið Ísafirði er stofnað 8. maí 1952.

Safnið starfar samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1994. Skjalasafnið er til húsa í Safnahúsinu á Eyrartúni, Ísafirði.



UM SKJALASAFNIÐ


Héraðsskjalasafnið heyrði áður undir sýslunefndir Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu og var sama stjórn yfir héraðsskjalasafninu og héraðsbókasafninu skv. ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar 1952 og 1975. Með sveitarstjórnarlögunum, sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1986, voru sýslunefndir lagðar niður en héraðsnefndir myndaðar í þeirra stað. Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu var stofnuð á Ísafirði 26. apríl 1989 með þátttöku allra sveitarfélaga í Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu, utan Ísafjarðarkaupstaðar og Bolungarvíkurkaupstaður sem gerðust aðilar að árið 1991. Nefndin var lögð niður í lok maí 1996 þegar sveitarfélagið Ísafjarðarbær varð til með sameiningu sex sveitarfélaga, þau voru: Flateyrahreppur, Suðureyrahreppur, Þingeyrahreppur, Mosvallahreppur, Mýrahreppur og Ísafjarðarkaup staður. Eftir sameininguna 1996 voru þrjú sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum í stað 16 hreppa þegar skjalasafnið var stofnað. Hefur rekstur héraðsskjalasafnsins á Ísafirði hvílt á herðum Ísafjarðarbæjar frá þeim tíma en safnið fær árlega rekstrarstyrk frá Þjóðskjalasafni Íslands. Upphæð rekstrarstyrksins árið 2024 var 1.007.107 krónur. Fjöldi íbúa á starfssvæði skjalasafnsins var 5005 þann 1. desember 2024.

HLUTVERK

Meginhlutverk skjalasafnsins er að taka við, varðveita og skrá skjöl afhendingarskyldra aðila á starfssvæði safnsins, þ.e. sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum (Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur) sem og allar stofnanir á þeirra vegum.

Þá ber skjalasafninu að annast eftirlit og ráðgjöf varðandi skjalavörslu afhendingarskyldra aðila á starfssvæði sínu samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn og reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og varða skjalavörslu. Skjalasafnið tekur einnig við og varðveitir skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja er hafa sögulegt gildi fyrir starfssvæði safnsins.

Skjalasafninu ber að hafa til reiðu skjöl og skrár og veita aðgengi að þeim í samræmi við lög. Markvisst er unnið að því að gera safnkostinn aðgengilegan almenningi, t.d. með stafrænni miðlun.



Jóhann Gunnar Ólafsson (1902–1979), bæjarfógeti og sýslumaður Ísafjarðarsýslna 1943 til 1968.

Jóhann Gunnar Ólafsson (1902–1979), sýslumaður Ísafjarðarsýslna og bæjarfógeti á Ísafirði í 25 ár, átti drýgstan þátt í stofnun Héraðsskjalasafn Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaðar. Hann var einnig aðalhvatamaður að stofnun Sögufélags Ísfirðinga árið 1953 þar sem hann var formaður frá upphafi og þar til hann baðst undan endurkjöri skömmu fyrir andlát sitt 1979. Hann var formaður stjórnar Byggðasafns Vestfjarða frá stofnun 1955 þangað til hann fluttist til Reykjavíkur 1968. Auk embættisstarfa sinna stundaði Jóhann Gunnar ritstörf af miklu kappi og eftir hann liggur talsverður sögulegur fróðleikur, mikið héðan að vestan en einnig talsvert frá Vestmannaeyjum þar hann var bæjarstjóri um árabil.

Tilgangurinn með stofnun héraðsskjalasafnsins var að safna, varðveita og bjarga frá glötun bækur og skjöl sem vörðuðu Ísafjarðarkaupstað og báðar Ísafjarðarsýslur. Skyldi héraðsskjalasafnið geyma gögn þessara aðila, að svo miklu leyti sem ekki bæri að afhenda þau til Þjóðskjalasafns. Voru þetta skjalasöfn bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, hreppstjóra, hreppsnefnda, sýslunefnda, skólanefnda, sóknarnefnda, ræktunarsambanda, búnaðarfélaga o.s.frv. Skjalasafnið skyldi hafa sameiginlegt húsnæði með bókasafni Ísafjarðar og sömu stjórn. Stjórnin skyldi ráða forstöðumann fyrir héraðsskjalasafnið, sem skyldi vera bókaforstjóri Bókasafns Ísafjarðar.

Meðal fyrstu afhendinga voru bækur og skjöl Sléttuhrepps sem voru afhentar af sýslumanni sama ár og safnið var stofnað. Síðustu íbúarnir fluttu úr hreppnum haustið 1952 og margt sem bendir til þess að stofnun skjalasafnsins eigi rætur að rekja til þessara breytinga. Mestur fengur safnsins í upphafi þótti vera mikrófilmur sem keyptar voru 1954, ásamt lestæki, fyrir fjárframlög úr ríkissjóði, bæjarsjóði Ísafjarðar og sýslusjóðum V.- og N.-Ísafjarðarsýslu. Keyptar voru mikrófilmur af ýmsum skjölum og gögnum í Þjóðskjalasafninu,



HÚSNÆÐI

Skjalasafnið hefur aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni. Skrifstofa safnsins og vinnurými er á efstu hæð hússins. Skjalageymsla safnsins er í Sindragötu 11 á Ísafirði.

kirkjubókum, dómsmála- og réttarbókum, ættartölubókum Jóns Espólíns, Ólafs Snókdalíns og Steingríms Jónssonar og ævisögur lærðra manna eftir dr. Hannes Þorsteinsson Þjóðskjalavörð, (63 bindi), ýmis blöð og tímarit, þ.á m. *Alþingistíðindi*, samtals 72 þús. fet af filmum.

Héraðsskjalasafnið og Héraðsbókasafnið á Ísafirði hafa alla tíð fylgst að. Þegar skjalasafnið var stofnað var það hýst hjá bókasafninu sem var þá á annarri hæð Sundhallarinnar við Austurveg. Verkefnum skjalasafnsins var sinnt af starfsfólki bókasafnsins, einkum forstöðumanninum. Árið 1994 var Jóna Símónía ráðin í 67% starf skjalavarðar en hún hafði áður verið í tímabundum verkefnum sem voru háð styrkveitingum. Hefur skjalasafnið síðan verið með eigið starfsfólk.

Skjalasafnið er með aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni, gamla sjúkrahúsinu, sem þykir meðal fallestri bygginga landsins. Það er teiknað af Guðjóni Samúelssyni, þáverandi húsameistara ríkisins og vígt við hátíðlega athöfn 17. júní 1925. Húsið gegndi hlutverki sjúkrahúss til ársins 1989 þegar nýtt sjúkrahús var tekið í notkun. Hafði þá verið ákveðið að nýta húsið undir starfsemi bóka- skjala- og listasafns. Árið 2003 fluttu söfnin í húsið eftir gagngerar viðgerðir og endurbætur.

Í ágúst 2020 var skilið á milli bókasafns og skjalasafns að hluta, þ.e. söfnin hafa hvorn sinn forstöðumanninn en sameiginlegan rekstur.

LAGAUMHVERFI

Um aðgengi að skjölum gilda lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, upplýsingalög nr. 140/2012, stjórnarsýslulög nr. 37/1993 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Haustið 2024 létu þrír starfsmenn af störfum vegna aldurs. Þetta voru Anna Ragna Gunnarsdóttir og Guðrún Valborg Kristinsdóttir, starfsmenn skjalasafnsins, og Sigmar Þór Óttarsson, starfsmaður bókasafnsins.



Finnbogi Hermannsson, starfsmaður Ríkisútvarpsins um áratuga skeið, var tíður gestur á lessal skjalasafnsins fyrri hluta árs 2024. Eftir að Finnbogi settist í helgan stein hefur hann setið við að skrifa bækur og grúsk á skjalasafninu verið hluti af þeirri vinnu.



STARFSEMI ÁRIÐ 2024

STARFSMENN


Sjö starfsmenn störfuðu á skjalasafni og ljósmyndasafni fram í október en þá fækkaði um tvo. Fjöldi stöðugilda á árinu var samtals 4,3. Héraðsskjalavörður er Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Aðrir starfsmenn eru Herbert Snorrason sem hefur haldið utan um stafræn verkefni safnsins og Sigrún Halla Tryggvadóttir sem sinnir fyrirspurnum og öðrum sérhæfðum verkefnum. Arna Dalrós Guðjónsdóttir starfar við skönnun skjala og skráningu og Anna Ragna Gunnarsdóttir hefur séð um frágang og pökkun skjala en hún lét af störfum um haustið vegna aldurs. Jóhanna Guðmundsdóttir og Guðrún Valborg Kristinsdóttir sinntu sem fyrr skráningu sóknarmannatala en Guðrún Valborg hætti í september vegna aldurs.

Tvö ungmenni á vegum Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar voru í vinnuþjálfun á skjalasafninu sumarið 2024. Voru helstu verkefni þeirra skönnun og skráning.

FYRIRSPURNIR OG AFGREIÐSLUR

Stærstur hluti fyrirspurna til skjalasafnsins berst í tölvupósti.

Einhverjar berast símleiðis og einstaka í gegnum samfélagsmiðla þótt ekki sé boðið upp á þá þjónustu sérstaklega. Í þessum tilfellum



er viðkomandi yfirleitt bent á senda tölvupóst á safnið. Skjöl eru aðgengileg á lestrarsal safnsins og í gegnum millisafnalán. Algengt er að fólki sé vísað á stafræn gögn á vef Þjóðskjalasafns Íslands og auknum mæli á skjalavef skjalasafnsins eftir því sem meira er birt þar af stafrænum heimildum.

Árið 2024 voru skráðar fyrirspurnir til skjalasafnsins samtals 195 auk tilfallandi minni fyrirspurna. Afgreiðslur á lessal voru 25 talsins og ein beiðni um millisafnalán var afgreidd.

AÐFÖNG

Alls bárust skjalasafninu 28 afhendingar á árinu. Afhendingarnar geta verið allt frá einu blaði upp í marga hillumetra. Ástand afhendinga er misjafnt, bæði hvað varðar frágang og ásigkomulag. Nokkrar stærri afhendingar bíða hjá skilaskyldum aðilum.

RÁÐGJÖF OG EFTIRLIT

Skjalasafnið býður upp á ráðgjöf og fræðslu fyrir skilaskylda aðila á norðanverðum Vestfjörðum. Sama þjónusta er í boði fyrir aðrar stofnanir, fyrirtæki, félög og einstaklinga.

- Á árinu var fundað með aðilum sem eru skilaskyldir til héraðsskjalasafnsins. Aðallega var farið yfir breytingar á lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2024 þar sem sett er sú meginregla að gögnum sé skilað til opinberra skjalasafna á því formi sem þau verða til á og rafræn skil þannig í raun lögfest. Farið var yfir hvaða áhrif þetta hefur á skjalavörslu afhendingaskyldra aðila og hvað viðkomandi aðilar þurfa að gera til að uppfylla þetta ákvæði laganna.
- Reglulegt samráð er við skjalastjóra Ísafjarðarbæjar varðandi skjalavörslu sveitarfélagsins. Samþykktur var nýr málalykill fyrir stjórnýslu Ísafjarðarbæjar 13. desember 2024. Sveitarfélagið tilkynnti þá einnig rafrænt gagnasafn, OneCRM frá One System, sem var samþykkt þegar tilskilin fylgiskjöl lágu fyrir.

Hjá sveitarfélaginu er ennfremur hafin vinna við málalykla og skjalavistunaráætlanir fyrir fjóra leikskóla en stærsti leikskólinn, Sólborg á Ísafirði, er með málalykil frá 2023. Stefnt er að því að hefja vinnu við nýja málalykla fyrir grunnskóla sveitarfélagsins haustið 2025.



SAFNKOSTUR

Skráð skjöl og frágengin að fullu eru um 170 hillumetrar. Frágengin skjöl með afhendingaskrá eru um 390 hillumetrar og ófrágengin skjöl um 300 hillumetrar. Skjöl sem bíða afhendingar eru áætluð nálægt 100 hillumetrum.



Skjölin geta verið í misjöfnu ásigkomulagi þegar þau eru afhent. Á myndinni má sjá gömul verslunarskjöl frá Þingeyri sem orðið hafa fyrir miklum skemmdum sökum raka.

Góð mæting var í Safnahúsið á skírdag 2024 þegar Guðni Th. Jóhannesson, þáv. forseti Íslands, flutti erindi um Vestfirðinga og útfærslu fiskveiðilögsögunnar á síðustu öld. Ljósmynd sýnt á vefsíðuna <https://gudni.forseti.is/>.



Það er alltaf mikið líf og fjör á túninu fyrir framan Safnahúsið þegar nemendur grunnskólanna á svæðinu bregða þar á leik.



FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSTARF

Vakin er athygli á starfsemi skjalasafnsins eftir því sem tækifæri gefst, ýmist með kynningum eða skrifum. Vefsíða Safnahússins <https://www.safnis.is/> er notuð til að miðla margvíslegri fræðslu til gagns og gamans. Safnahúsið er líka með Facebook-síðu sem gegnir sama hlutverki.

Eftirfarandi erindi og viðburðir voru tengdir skjalasafninu árið 2024:

- **19 mars:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir héraðsskjalavörður kynnti Safnahúsið og starfsemi þessi fyrir nemendum og kennurum frá Arkitektúrdeild háskólans í Porto, Portúgal og Háskólasetri Vestfjarða. Ennfremur flutti hún erindi um þróun byggðar á Ísafirði með hliðsjón af þróun fiskveiða á sama tíma. Erindið var hluti af dagskrá vinnustofunnar *Cod, Construction, and Communities* sem haldin var á Ísafirði 16.–24. mars.
- **28. mars:** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, flutti erindi á aðalfundi Sögufélags Ísfirðinga sem haldinn var í Safnahúsinu á Ísafirði á skírdag. Erindi forseta bar titilinn „Vestfirðingar og útfærsla fiskveiðilögsögunnar á síðustu öld.“ Rakti forseti þar atbeina Vestfirðinga í landhelgismálum auk samskipta og átaka við Breta í þorskastríðum og öðrum erjum. Viðburðurinn var skipulagður í samstarfi við skjalasafnið.
- **14. nóvember:** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir flutti erindið „Skráning upplýsinga í sóknarmannatalagrunn: Fjarvinnsla í 15 ár“ á Rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 2024. Var þetta opin ráðstefna í húsnæði Þjóðskjalasafns þar sem fjallað var um gagnagrunna í sögulegum rannsóknum og miðlun.
- **Tilfallandi heimsóknir** ýmissa hópa í Safnahúsið þar sem starfsemi hússins er kynnt, þ.m.t. starfsemi skjalasafnsins.




NÁMSKEIÐ OG FUNDIR

- **Haustráðstefna Félags héraðsskjalavarða** fór fram í Skálholti dagana 19.–20. september. Boðið var upp á fjölbreytta og fræðandi dagskrá þar sem helstu áherslur voru lög, reglur og staðlar sem fylgja þarf við skráningu, afgreiðsla trúnaðarskjala og rafræn skjalavarsla. Þátttaka var góð og áttu nánast öll héraðsskjalasöfn landsins fulltrúa á ráðstefnunni. Næsta haustráðstefna verður haldin í Osló í tengslum við Norræna skjaladaga 16.–17. september 2025.
- **Fræðsluvika á Þjóðskjalasafni Íslands.** Starfsfólk Skjalasafnsins á Ísafirði sótti sérsniðna fræðsludagskrá sem fram fór á Þjóðskjalasafni Íslands dagana 12.–15. nóvember. Dagskráin samanstóð af fyrirlestrum og heimsóknum á starfsstöðvar þar sem sérfræðingar á hverju sviði fyrir sig fóru yfir helstu þætti í starfsemi safnsins. Var áhugavert og fræðandi fyrir starfsfólk skjalasafnsins á Ísafirði að kynna starfsemi þí með þessum hætti og öðlast á sama tíma þekkingu sem nýtist þeim í starfi.
- **Rannsóknardagur Þjóðskjalasafns Íslands** var haldinn fimmtudaginn 14. nóvember í húsnæði þí að Laugarvegi 162. Starfsmenn Héraðsskjalasafnsins á Ísafirði sóttu Rannsóknardaginn þar sem fjöllumarefnið var gagnagrunnar í sögulegum rannsóknum og miðlun.

Haustráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi 2024 fór fram í Skálholti 19.–20. september.

Frá fundi opinberra skjalasafna sem haldinn var 25. október í húsnæði Þjóðskjalasafns Íslands að Laugarvegi 162.



MIÐLUN SAFNKOSTS

Með stafrænum safnkosti er aðgengi auðveldað og minni þörf á beinni þjónustu. Aðeins brot af safnkosti skjalasafnsins er stafrænn en stefnan að auka hann til framtíðar.



- **Rafrænn fræðslufundur Félags héraðsskjalavarða á Íslandi** var haldinn 20. nóvember og var fyrirlesari Andrés Erlingsson á Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Sagði hann frá Scope skjalakerfinu og innleiðingu þess á safninu.
- **Rafræn námskeið Þjóðskjalasafns Íslands:** Starfsmenn skjalasafnsins nýttu sér fjölbreytt úrval fjarnámskeiða um skjalavörslu og skjalastjórn sem Þjóðskjalasafn Íslands bauð upp á endurgjaldslaut veturinn 2024–2025.
- **LearnCove:** Starfsmenn skjalasafnsins hafa aðgang að fræðsluvefnum LearnCove þar sem þeir geta sótt fjölda gagnlegra námskeiða.
- **Ýmsir fundir:** Héraðsskjalavörður sat fund opinberra skjalasafna 25. október í húsnæði Þjóðskjalasafni Íslands og fjarfund um samstarf opinberra skjalasafna 17. desember. Héraðsskjalavörður sat ennfreður aðalfund Félags héraðsskjalavarða á Íslandi í Skálholti 20. september, félagsfundi og stjórnarfundum sem allir fóru fram í gegnum Teams. Á aðalfundinum var ákveðið að
- **Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður,** heimsótti Héraðsskjalasafnið á Ísafirði 7. ágúst 2024. Fundaði hún með starfsmönnum safnsins og skoðaði aðstöðu í Safnahúsinu og safngeymslu.

MIÐLUN

Frá 2016 hefur Skjalasafnið Ísafirði fengið styrki frá Þjóðskjalasafni Íslands til þess að mynda og miðla safnkosti með stafrænum hætti. Myndaðar hafa verið gjörðabækur sveitarfélaga, virðingabækur og sveitablöð. Í lok árs 2024 voru 59 bækur (10.354 myndir) aðgengilegar á skjalavef safnsins <https://skjalasafn.isafjordur.is/>.



Árið 2024 fékk skjalasafnið verkefnastyrk að upphæð 1.000.000 kr. frá Þjóðskjalasafni Íslands til stafrænnar endurgerðar og miðlunar á elstu gjörðabókum Ísafjarðarkaupstaðar og hreppa í N-Ísafjarðarsýslu.

Farið var í samstarf við Kvenfélagið Ársól á Suðureyri (stofnað 8. febrúar 1920) um skönnun og miðlun á *Sóley*, handskrifuðu blaði félagsins sem er varðveitt í sex bókum. Styrkur fékkst til þessa verkefnis sem unnið var af starfsmönnum skjalasafnsins og er *Sóley* nú aðgengilega á skjalavef safnsins. Fleiri samstarfsverkefni af þessum toga eru fyrirhuguð og eitt slíkt þegar komið í vinnslu.

Með stafrænum safnkosti er aðgengi auðveldað og minni þörf er á beinni þjónustu.

SKRÁNING SÓKNARMANNATALA

Skráning sóknarmannatala á Ísafirði hófst 18. október 2011 sem atvinnuáttaksverkefni og hefur staðið samfelld síðan. Er verkefnið gott dæmi um vel heppnaða fjarvinnslu og samstarf stofnana óháð staðsetningu. Árið 2024 greiddi Þjóðskjalasafn 5,5 m.kr. með verkefninu á Ísafirði.

Sóknarmannatöl eru í grunninn manntöl yfir sóknir, yfirleitt tekin á hverju ári þegar presturinn húsvitjaði í sókninni. Á Þjóðskjalasafns Íslands eru varðveitt ríflega 1500 sóknarmannatöl frá því um miðja 18. öld og fram yfir 1960, það elsta frá Þykkvabæjarklaustri frá árinu 1744. Verkefnið byggir á því að sóknarmannatalsbækur



Sóley er handskrifað blað kvenfélagsins Ársól á Suðureyri og nær frá 1925–1993. Hægt er að skoða *Sóley* á skjalavef skjalasafnsins.



Haustið 2024 voru settir upp tveir öflugir ljóskastarar framan við Safnahúsið á Eyrartúni. Húsið þykir mikil bæjarprýði og nýtur sín nú vel á þeim tíma þegar svartasta skammdegið ræður ríkjum. Ljós. Ágúst Atlason.



Um miðjan október var safnkostur bókasafnsins fluttur aftur í Safnahúsið en hann hafði verið geymdur í Sindragötu 11 á meðan framkvæmdum stóð í kjallara Safnahússins. Félagar í björgunarsveitinni Tindar í Hnífsdal aðstoðuðu við flutninginn.

eru skannaðar í Þjóðskjalasafni og myndirnar færðar inn í sérstakt skráningarkerfi þar sem grunnupplýsingar um bækurnar skráðar. Skrásetjarar fá aðgang að kerfinu sem vistað hjá Þjóðskjalasafni og skrá þar inn tiltekna upplýsingar af myndunum. Með skráningu sóknarmannatala og stafrænni birtingu er aðgengi að vinsælum heimildum auðveldað mjög. Hægt er að skoða sóknarmannatölin á vefsíðunni <http://salnaregistur.manntal.is/>.

Á árinu 2024 unnu tveir starfsmenn skjalasafnsins að skráningu sóknarmannatala, þær Jóhanna Guðmundsdóttir og Guðrún Valborg Kristinsdóttir. Alls skráðu þær 31 bók úr Barðastrandarsýslu, samtals 4483 síður. Jóhanna Guðmundsdóttir lauk yfirlestri á 51 bók, alls 6917 síður. Guðrún Valborg lét af störfum í september sökum aldurs en hún hafi þá unnið við skráninguna frá hausti 2016. Jóhanna er nú eini starfsmaður skjalasafnsins sem vinnur að skráningu sóknarmannatala fyrir Þjóðskjalasafn.

HÚSNÆÐI

Safnahúsið Eyrartúni: Endurbætur og viðgerðir á kjallara Safnahússins héldu áfram á árinu 2024 og voru langt komnar í árslok. Um miðjan október var safnkostur bókasafnsins fluttur til baka úr geymslunni í Sindragötu 11 og byrjað að raða honum í hillur sem búið var að setja upp í vesturálmú kjallarans. Björgunarsveitin Tindar í Hnífsdal aðstoðaði við flutninginn.

Síðla árs var hafinn undirbúningur að því að skipta um allt gler í húsinu. Samið var við Valdimar Elíasson, húsasmíðameistari á Þingeyri,

um framkvæmd þessa verks sem á að vera lokið fyrir aldarafmæli Safnahússins í júní 2025. Húsið var málað að utan sumarið 2024 og um haustið voru settir upp tveir ljóskastarar að framanverðu. Blómabeði við húsið voru hreinsuð upp og gróðursettir nýir runnar.

Innanhús hefur verið haldið áfram með ýmsar endurbætur skv. hugmyndum Theresu Himmer arkitekts. Þessar breytingar hafa haft í för með sér léttari blæ innandyrna og almenn ánægja með hvernig til hefur tekist. Lokið var við endurnýjun lýsingar í sýningarsal á 2. hæð hússins og sólarfilmur settar í glugga salarins til að uppfylla kröfur um aðbúnað listaverka. Sömuleiðis voru settar upp tvær eftirlitsmyndavélar í sýningarsalnum.

Skjalageymsla: Gjörbreyting hefur orðið á aðstöðu Skjalasafnsins með tilkomu skjalageymslunnar í Sindragötu 11 á Ísafirði. Allur safnkostur er nú á einum stað og nægjanlegt rými til að taka við stærri afhendingum sem hafa beðið hjá skilaskyldum aðilum sem og nýjum afhendingum.

Áfram var unnið að því að taka skráðan safnkost af brettum og raða í hillur en aðallega lögð áhersla á að skoða gamlar afhendingar sem höfðu verið geymdar á brettum í áratugi og voru hvergi skráðar. Í ljós kom að sum brettanna geymdu skjöl sem með réttu hefði átt að afhenda Þjóðskjalasafni á sínum tíma og þá aðallega gögn tilheyrandi þrotabúum. Að höfðu samráði við Þjóðskjalasafn var eitt bretti með gögnum frá Pósti og síma sent suður og afhent ÞÍ. Þrotabúin verða skoðuð betur síðar og tekin ákvörðun um afdrif þeirra í samráði við ÞÍ.



Safnahúsið var málað að utan sumarið 2024.



Vinnuherbergi á 2. hæð sem búið er að breyta skv. tillögum Theresu Himmer arkitekts. Ljós. Mitchell van Eijk.



Eldri ófrágengnar afhendingar sem geymdar hafa verið á brettum í einhverja áratugi. Ljóst er að mikið verk er framundan í skráningu og frágangi á eldri afhendingum.

Ljósmyndasafnið Ísafirði hefur verið sjálfstæð stofnun frá árinu 2003 en var fyrir þann tíma starfrækt sem deild innan Skjalasafnsins Ísafirði. Ljósmyndasafnið hefur aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni, Ísafirði.



HLUTVERK

Söfnun, skráning og varðveisla ljósmynda, s.s. glerplötur, filmur, skyggjur og pappírsmyndir sem og önnur gögn og skjöl sem tengjast greininni og hafa menningarsögulegt gildi fyrir svæðið. Ennfremur afgreiðsla og miðlun safnkosts.

LAGAUMHVERFI

Um aðgengi að ljósmyndum gilda höfundalög nr. 73/1972, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Farþegar búa sig undir brottför með *Fagranesinu* um 1970. Þó skipið sé löngu hætt strandferðum um Ísafjarðardjúp þá er bryggjan enn í dag kennd við skipið og í daglegu tali kölluð *Fagginn*.

STARFSEMI ÁRIÐ 2024

STARFSMENN

Starfsmenn skjalasafnsins skipta með sér verkefnum ljósmyndasafnsins eftir því hvers eðlis þau eru, sum eru einföld á meðan önnur geta verið flókin úrlausnar og krefjast sérhæfðrar þekkingar. Á árinu 2024 störfuðu sjö starfsmenn á skjala- og ljósmyndasafni. Fjöldi stöðugilda var samtals 4,3. Forstöðumaður ljósmyndasafnsins er Guðfinna M. Hreiðarsdóttir.

FYRIRSPURNIR OG AFGREIÐSLUR

Fyrirspurnir og pantanir berast í gegnum myndavef, tölvupóst, síma eða heimsóknir á safn. Þjónusta felst m.a. í myndaleit, skönnun og myndvinnslu. Viðskiptavinir greiða fyrir þjónustuna skv. gjaldskrá safnsins.





Franski vísindamaðurinn og landkönnuðurinn, Jean-Baptiste Charcot með fleira fólki í garðinum við Templaragötu 2 (Hrannargötu) á Ísafirði 8. ágúst 1913. Myndin er úr safni Björns Pálssonar ljósmyndara (f. 1862, d. 1916) sem er varðveitt á Ljósmyndasafninu á Ísafirði. Um er að ræða einstakt safn sem telur ríflega 16 þúsund glerplötur, aðallega mannamyndir.

HÚSNÆÐI

Ljósmyndasafnið hefur aðsetur í Safnahúsinu á Eyrartúni. Skrifstofa safnsins og vinnurými er á efstu hæð hússins. Safnkostur er varðveittur í safngeymslu að Sindragötu 11, Ísafirði.

Árið 2024 voru skráðar fyrirspurnir til ljósmyndasafnsins samtals 120 auk tilfallandi minni fyrirspurna. Nokkuð er um afgreiðslu mynda vegna útgáfu bóka, blaða og kvikmynda.

AÐFÖNG

Alls bárust ljósmyndasafninu 13 afhendingar á árinu. Stærst þeirra var ljósmyndasafn Snorra Hermannssonar (f. 1934, d. 2020). Afhendingarnar geta verið allt frá einni mynd upp í nokkra kassa af myndum/filjum. Safnið tekur við ljósmyndum frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum. Afhendingar eru skráðar og gengið frá þeim í sýrufriar umbúðir með varðveislu til framtíðar í huga.


MIÐLUN

Safnkostur er skannaður eftir því sem tækifæri gefst og hefur skönnun á myndasafni Björns Pálssonar (f. 1862, d. 1916) ljósmyndara á Ísafirði verið í forgangi. Einstaka afhendingar eru skannaðar þegar þær berast séu þær metnar einstakar á einn eða annan hátt.

Skannaðar myndir eru birtar á veraldarvefnum, aðallega Sarpi <https://sarpur.is/> sem er menningarsögulegur gagnagrunnur á landsvísi. Vefsíða Safnahússins <https://www.safnis.is/> og samfélagsmiðlar hafa einnig verið nýtt til að miðla stafrænum safnkosti auk tilfallandi umfjallana í fjölmiðlum.

Í nær 20 ár hélt ljósmyndasafnið úti sérstakri vefsíðu þar sem hægt var að skoða hluta af safnkostinum sem skannaður hafði verið. Vegna

FYRIRSPURNIR 2024



MIDLUN SAFNKOSTS

Með stafrænum safnkosti er aðgengi auðveldað og minni þörf á beinni þjónustu. Aðeins brot af safnkosti ljósmyndasafnsins er stafrænn en stefnan að auka hann til framtíðar og bæta þannig aðgengi almennings að safnkostinum.

SAFNKOSTUR

Um 500.000 ljósmyndir á glerplötum, filmum og pappír auk stafrænna mynda. Meginhluti safnsins eru glerplötur og filmur frá ljósmyndurum sem starfað hafa á Ísafirði frá 1890 til dagsins í dag. Til viðbótar eru afhendingar einstaklinga, félaga, fyrirtækja og stofana. Þar eru fyrirferðarmestar afhendingar héraðsfréttablaða, s.s. *Bæjarins besta*.



SARPUR

Menningarsögulegt gagnasafn

ADILDARSÖFN | SÝNINGAR | ÞJÓÐHÆTTIR | TÖLUR | UM SARP

Ljósmyndasafnið ▼ Ljósmyndir ▼ Staðu inn leitarorð... **LEITA** Um leit Mitt safn

Forsíða > Leitarbúrstöður, 261 aðfang fannst Deila

☐ Leita í síðustu niðurstöðu ☒ Birta aðföng án mynda ☒ Nafn ☒ Ártal ☒ Efnisorð ☒ Númer ☒ Staðsetning ☒ Undirskrá ☒ Safn ☒ Textasvæði ☒ Efni

Drengur, Stúlka
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd

Skotthúfa, Stelpa, Strák...
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd

Fjolskylda, Ungabarn
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd

Bræður, Fjolskylda, Fore...
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd

Sjómaður, Vinnumaður
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd

Faðir, Sjómaður, Sonur
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd

Barn, Bræður, Drengur, S...
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd

Rannveig Ólafsdóttir 18...
Kona, Skotthúfa
Ljósmyndasafnið Ísafirði
Ljósmynd

tæknilegra vandamála hefur sú vefsíða legið niðri frá 12. janúar 2024 en myndunum var fundinn nýr staður á vefsíðu Safnahússins <https://www.safnis.is/myndasafn/midlun/myndavefur>.

Myndir úr safnkosti eru notaðar í sýningum innanhúss og utan, bæði á pappír og stafrænu formi.

FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSTARF

Vakin er athygli á starfsemi ljósmyndasafnsins eftir því sem tækifæri gefst, ýmist með kynningum eða skrifum. Vefsíða Safnahússins <https://www.safnis.is/> er notuð til að miðla margvíslegri fræðslu til gagns og gamans. Safnahúsið er líka með Facebook-síðu sem gegnir sama hlutverki.

Eftirfarandi viðburðir voru á vegum ljósmyndasafnsins árið 2024:

- **29. mars: Maður gerir ekki rassgat einn** – Samstarfssýning Ísafjarðarbæjar, Listasafns Ísafjarðar og Ljósmyndasafnsins Ísafirði í tilefni 20 ára afmælis hátíðarinnar Aldrei fór ég suður. Þema sýningarinnar var vinna sjálfbóðaliða sem starfa á bak við tjöldin og eiga stóran þátt í velgengni hátíðarinnar. Sýningin opnaði á föstudaginn langa og var staðsett á steiptum grunni við Byggðasafn Vestfjarða. Einnig var sett upp ljósmyndasýningin *Með linsu gestsins* í Safnahúsinu í tilefni af 20 ára afmælinu. Var sú sýning á stigagangi auk þess sem ljósmyndir úr safnkosti voru sýndar á sjónvarpsskjá í lessal.



Hafnarstræti á Ísafirði um 1980. Ljóm. Jón Hermannsson.



Sigrún Halla Tryggvadóttir, starfsmaður ljósmyndasafnsins hefur reglulega haldið kynningar á starfsemi og safnkosti safnsins. Ljóm. Áslaug J. Jensdóttir.

- **12. apríl:** Sigrún Halla Tryggvadóttir, skjalavörður fjallaði um safnkost ljósmyndasafnsins í félagsmiðstöðinni Vör á Hlíf og hafði með sér gamlar ljósmyndir til greiningar.
- **19. apríl:** Sigrún Halla Tryggvadóttir, skjalavörður fjallaði um safnkost ljósmyndasafnsins í félagsmiðstöð eldri borgara í Bolungarvík og hafði með sér gamlar ljósmyndir til greiningar.
- **13. maí:** Sigrún Halla Tryggvadóttir, skjalavörður fjallaði um safnkost ljósmyndasafnsins í félagsmiðstöð eldri borgara á Þingeyri og hafði með sér gamlar ljósmyndir til greiningar.
- **17. maí:** Sigrún Halla Tryggvadóttir, skjalavörður fjallaði um safnkost ljósmyndasafnsins í félagsmiðstöð eldri borgara í Bolungarvík og hafði með sér gamlar ljósmyndir til greiningar.
- **29. nóvember:** Sigrún Halla Tryggvadóttir, skjalavörður fjallaði um safnkost ljósmyndasafnsins í félagsmiðstöðinni Vör á Hlíf og hafði með sér gamlar ljósmyndir til greiningar.
- **Tilfallandi heimsóknir** ýmissa hópa í Safnahúsið þar sem starfsemi hússins er kynnt, þ.m.t. starfsemi ljósmyndasafnsins.



Úr safngeymslu í Sindragötu 11.



SAFNAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI

SKJALASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

Mars 2025